



Níunda smáforritið í jólaþema 2017 er PuppetPals HD. Ég valdi það af því þetta er eitt af uppáhalds smáforritunum mínum fyrir iPad. Það er eingöngu til fyrir iOS tæki. Það er mjög einfalt í notkun og hentar mjög vel á leikskóla og yngstu stigum grunnskólans. Reyndar höfum við einnig notað það með nemendum á mið og unglingsstigi með góðum árangri.

Forritið ýtir undir sköpunargleði nemenda þar sem þeir setja á svið leiksýningu og taka upp hljóð og mynd og útkoman verður hreyfimynd. Hreyfimyndina er svo hægt að vista sem vídeóskrá í myndamöppu tækisins og nýta með öðrum forritum t.d. Bookcreator.

#### Dæmi um notkun:

- Endursögn sögu/ævintýris
- Klípusögur
- Þemaverkefni; goðafræði, Kjalnesingarsaga, Gíslasaga Súrssonar o.fl.
- Tungumálakennsla
- Samfélagsfræði
- O.fl.

Í vor kom út kennsluvefur sem er helgaður þessu smáforriti. Fjóra Þorvaldsdóttir sérkennslustjóri með meiru heldur úti vefnum. Þar er að finna kennslumyndbönd, kennsluáætlun og hugmyndir um notkun. Vefurinn var unninn í tengslum við námskeiðið „*Hönnun námsefnis og stafræn miðlun*“ á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Vefslóðin er: <http://bruduleikur.weebly.com/>

Nú í desember kom út annar fræðsluvefur um þróunarverkefnið „*Snjalltæki í leikskólastarfi*“ sem unnið var á leikskólanum Krógaból á Akureyri. Þar er að finna mikinn fróðleik og m.a. er fjallað um smáforritið PuppetPals HD. Einnig eru þar sýnishorn af verkefnum nemenda. Vefslóðin er:

<http://snjalltaekni.xoz.is/>